



## Reglur Akureyrarbæjar um gjöld og afslátt vegna Hreyfikorts

### 1. gr. Markmið

Reglur þessar eiga við um gjöld fyrir Hreyfikort fyrir einstaklinga sem hafa náð 67 ára aldri og einstaklinga 60 ára og eldri sem metnir eru með 75% örorku.

Hreyfikort felur í sér þátttöku í heilsuverkefni Akureyrarbæjar *Virk efri ár* auk ótakmarkaðs aðgangs að sundlaugum, skautahöllinni og skíðasvæðum Akureyrarbæjar.

Akureyrarbær veitir notendum sem eru undir ákveðnum tekjuviðmiðum afslátt af þessum aðgangsgjöldum með það að markmiði að koma til móts við tekjulága einstaklinga sem hafa náð 67 ára aldri og einstaklinga 60 ára og eldri sem eru metnir með 75% örorku.

### 2. gr. Skilyrði

Árgjald fyrir Hreyfikort er 40.000 kr. Heimilt er að dreifa greiðslum á 12 mánuði og er mánaðargjald með greiðsludreifingu 3.500 kr.

Tekjutengdur afsláttur af gjöldum fyrir tímabilið 1. janúar – 31. desember 2025 er veittur á grundvelli skattframtals 2024 vegna tekna ársins 2023.

Kostnaður árgjalds hjá þeim sem njóta tekjutengds 33% afsláttar er 26.800 kr. á ári, eða með greiðsludreifingu 2.345 kr. á mánuði. Til að eiga rétt á að tekjutengdum afslætti þurfa árlegar heildartekjur (þar með talið fjármagnstekjur) einstaklings að vera undir 5.259.000 kr. og árlegar heildartekjur hjóna og sambúðarfólks að vera undir 7.888.000 kr.

Tekjuviðmið eru uppfærð árlega meðfram gjaldskrárbreytingum og taka þau gildi frá og með 1. janúar ár hvert. Sækja þarf um tekjutengda afslætti samhliða skráningu árlega með nýjustu upplýsingum úr skattframtali, eða í síðasta lagi 5 virkum dögum eftir að umsókn um Hreyfikort er skilað inn.

### 3. gr. Breyttar aðstæður

Gera má ráð fyrir að aðstæður fólks geti breyst á árinu og taka þurfi tillit til breyttra aðstæðna, s.s. tekjumissis, fráfalls eða skilnaðar. Öll frávik eru skoðuð af forstöðumanni á fjársýslusviði og forstöðumanni skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs og metin út frá sambærilegum forsendum. Mikilvægt er að bregðast megi við breyttum aðstæðum fólks og að umsóknarferli um slíkt sé ekki of íþyngjandi.

#### 4. gr. Umsókn

Sótt er um Hreyfikort í gegnum þjónustugátt Akureyrarbæjar.

Ef óskað er eftir tekjutengdum afslætti þarf að skila inn skattframtali 2024 vegna tekna ársins 2023 fyrir sig og maka ef við á. Afsláttur er ekki veittur afturvirktt.

#### 5. gr. Afgreiðsla

Umsókn um Hreyfikort berst í gegnum þjónustugátt Akureyrarbæjar til:

- fjársýslusviðs Akureyrarbæjar sem útbýr reikning,
- Sundlaugar Akureyrar sem heldur utan um aðgang að sundlaugum og skíðasvæðum
- verkefnastjóra Virkra efri ára sem heldur utan um skráningu í Virk efri ár. Telst einstaklingur skráður þegar umsókn hefur borist.

Starfsmaður á fjársýslusviði fær beiðni um afslátt af gjöldum og metur rétt notanda til afsláttarkjara á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og sér til þess að gjöld séu innheimt í samræmi við það. Umsókn um afslátt þarf að berast innan 5 virkra daga frá því að umsókn um Hreyfikort berst.

#### 6. gr. Leiðréttingar

Ef veittir eru afslættir á röngum forsendum eða umfram það sem þessar reglur segja til um, áskilur Akureyrarbær sér rétt á leiðréttingu gjalda, m.a. í tilvikum þar sem leiðrétting kann að vera á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til afsláttar.

#### 7. gr. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2025.

Samþykktar í fræðslu- og lýðheilsuráði 13. nóvember 2024.

Samþykktar í bæjarráði 21. nóvember 2024.

Samþykktar af bæjarstjórn 3. desember 2024